

LAUS STÖRF Í STYKKISHÓLMI

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI & DEILDARSTJÓRI

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI TÓNLISTAR- OG GRUNNSKÓLA

Aðstoðarskólastjóri er hluti stjórnendateymis grunnskóla og tónlistarskóla bæjarins og staðgengill skólastjóra. Grunnskólinn í Stykkishólmi og Tónlistarskóli Stykkishólms verða samreknir frá upphafi skólaársins 2021-22 og verður aðstoðarskólastjóri hluti stjórnendateymis beggja skóla.

Leitað er að leiðtoga með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglunga sem hefur öfluglega faglega sýn á skólastarfið, hlutverki stjórnendateymisins við skólana og samvinnu þess og uppbyggingu skólastarfsins sem hvetjandi starfsumhverfis fyrir nemendur og starfsfólk.

Starfssvið og meginhlutverk

- Að vera hluti stjórnendateymis grunnskóla og tónlistarskóla og taka þátt í því að stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólanna og veita þeim faglega forystu á sviði kennslu og þróunar.
- Tekur sem hluti stjórnendateymis þátt í mannauðs-stjórnun við skólana.
- Tekur sem hluti stjórnendateymis þátt í samstarfi aðila skólasamfélagsins og mótun framtíðarsýnar.
- Þátttaka í forystu við að skapa hvetjandi umhverfi sem eflir áhuga nemenda og árangur.
- Er staðgengill skólastjóra tónlistarskóla og grunnskóla bæjarins

Menntunar- og hæfniröfufur

- Viðeigandi almenn og sérhæfð hæfni m.t.t. starfs aðstoðarskólastjóra, skv. 4. og 5. gr. laga nr. 95/2019.
- Stjórnunarhæfileikar og leiðtogafærni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar
- Skýr framtíðarsýn í skólamálum
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni, nákvæmni og stundvísi.

DEILDARSTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA

Deildarstjóri í Tónlistaskóla Stykkishólms er hluti stjórnendateymis grunnskóla og tónlistarskóla bæjarins. Leitað er að leiðtoga með mikinn metnað fyrir tónlistarmenntun barna og unglunga, sem hefur öfluglega faglega sýn á skólastarfið, hlutverk og samvinnu stjórnendateymisins við skólana og uppbyggingu skólastarfsins sem hvetjandi starfsumhverfis fyrir nemendur og starfsfólk. Mikilvægt er að viðkomandi sé opinn fyrir nýjungum í þróun skólans. Deildarstjóri er með kennsluskyldu.

Starfssvið og meginhlutverk

- Að vera hluti stjórnendateymis grunnskóla og tónlistarskóla og taka þátt í því að stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi tónlistarskólans og veita honum faglega forystu á sviði tónlistarkennslu og þróunar.
- Kennsla við tónlistarskólann.
- Tekur sem hluti stjórnendateymis þátt í mannauðs-stjórnun við tónlistarskólann.
- Tekur þátt í mótun framtíðarsýnar.

Menntunar- og hæfniröfufur

- Menntun tónlistarkennara (tónl.kenn. III skv. kjarasam. FT/FÍH) eða meiri er æskileg.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi færni og reynslu af gítarkennslu.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun og/eða reynslu sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnábyrgð tónlistarskóla.
- Stjórnunarhæfileikar og leiðtogafærni, þ.m.t. hæfni til að leiða hóp og skapa hvetjandi starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.
- Einlægur áhugi á metnaðarfullu skólastarfi, frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni.



Láttu Hólminn heilla þig

Stykkishólmur stendur við Breiðafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi og er bæjarstæðið einstaklega fallegt. Um 1.200 manns búa í Stykkishólmi en bærinn er í um tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar bæjarfélagið að ríkulegu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rótgrónum mennta- og menningarstofnunum.

Í Grunnskóla Stykkishólms stunda 150 nemendur nám í 1.-10. bekk. Lögd hefur verið áhersla á jákvæðan og skemmtilegan skólabrag. Tónlistarskóli Stykkishólms hefur starfað óslitið frá 1964 og við hann starfar Lúðrasveit Stykkishólms sem stofnuð var 1944.

Gott samstarf er milli allra skólastiga í Stykkishólmi auk samstarfs við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.



Nánari upplýsingar um störfni veita:
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri
jakob@stykkisholmur.is, S: 433 8100
Berglind Axelsdóttir, skólastjóri,
berglind@stykk.is, S: 8953828

Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. ágúst 2021. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal skilað í ráðningakerfi Alfreðs - alfred.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2021

ÍTARLEGAR AUGLÝSINGAR UM STÖRFIN ER AÐ FINNA Á ALFRED.IS